

2007

**Ársskýrsla
Lögreglustjórans á
Vestfjörðum**



Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3-4
2. SKIPURIT	5
3. EMBÆTTIÐ	6-10
3.1 Stefnunótun og áherslur árið 2007	6
3.1.1 Stjórn embættisins	6-7
3.1.2 Löggæsluverkefni og önnur verkefni	7-8
3.1.3 Verkefni sem sett voru í forgang á árinu 2007	8-9
3.2 Starfsmannahald og endurmenntun	9
3.3 Tækja og búnaðarmál	10
3.4 Afgreiðsla embættisins, leyfisveitingar og innheimta sekta	10
3.4.1 Fjöldi sektarboða og sektargerða árin 2003-2007	10
4. ALMENN DEILD	11-13
4.1 Almannaþing	11
4.2 Umferðarmál	11
4.3 Eftirlit í umdæminu, sýnileg löggæsla og frumkvæðisvinna	11-12
4.4 Samstarf	12
4.5 Fangageymslur	12
4.5.1 Fjöldi handtaka og vistana árin 2003-2007	13
5. RANNSÓKN BROTA	14-15
5.1 Auðgunarbrot	14
5.2 Fíkniefnabrot	14
5.3 Ofbeldisbrot	14
5.4 Fjármunabrot	14
5.5 Sérrefsilagabrot, slysa –og brunarannsóknir	15-15
5.6 Aðrar rannsóknir	15
5.7 Sáttamiðlun	15
6. SAKSÓKN MÁLA	16-17
6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála	16
6.1.1 Fjöldi ákæra árin 2003-2007	16
6.1.2 Fjöldi fyriralla og fullnustuverkefna árin 2003-2007	17
7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2003-2007	18-20
7.1 Umferðarlagabrot	18
7.1.1 Fjöldi umferðarlagabrota árin 2003-2007	18
7.1.2 Tegund umferðarlagabrota árið 2007	18
7.2 Fjöldi umferðarslysa	18
7.2.1 Fjöldi umferðarslysa árin 2003-2007	18
7.3 Fíkniefnabrot	19
7.3.1 Fjöldi fíkniefnabrota árin 2003-2007	19
7.3.2 Skipting fíkniefnabrota árið 2007	19
7.4 Haldlögð fíkniefni	19
7.4.1 Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á í umdæminu 2003-2007	20
7.4.2 Haldlögð fíkniefni árið 2007	21
7.4.3 Fjöldi einstakra brota árin 2003-2007	21
7.4.4 Helstu brot í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum árið 2007	22
8. FORVARNIR OG FRÆÐSLA	23
8.1 Umferðarfræðsla	23
8.2 Fíkniefnaforvarnir	23
8.3 Verkefnamiðuð löggæsla	23
8.4 Þjálfun og námskeið	23
8.5 Ýmis verkefni	23
9. REKSTUR	24-25
9.1 Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum 2006 og 2007	25

1. INNGANGUR

Fyrsta ársskýrsla lögreglustjórans á Vestfjörðum er eingöngu birt með rafrænum hætti og verður aðgengileg með fyrri ársskýrslum embættis sýslumannsins á Ísafirði á www.logreglan.is. Í fyrsta skipti eru gerðar tvær ársskýrslur og er sú ársskýrsla er varðar lögreglustjórn breytt til samræmis við leiðarvísi embættis ríkislögreglustjóra en það er gert til samræmingar við önnur embætti sem einnig hafa lögreglustjórn. Ársskýrsla sýslumannsins á Ísafirði sem snýr að umboðsstörfum embættisins verður með hefðbundnu sniði en hún verður vistuð á www.syslumenn.is.

Miklar breytingar áttu sér stað á árinu 2006 og 2007 (sjá einnig ársskýrslu 2006). Í byrjun árs 2007 gekk í gildi sameining lögregluumdæma og tollumdæma og breytt inntak sumra sýslumannsembætta. Sýslumaðurinn á Ísafirði tók við lögreglustjórn í umdæmi sem er 9400 km² og nær yfir allan Vestfjarðarkjálkann, frá Gilsfirði að Brú í Hrútafirði, auk hluta Holtavörðuheidar sem sýslumaður þjónar ásamt lögreglustjóranum í Borgarnesi. Stór hluti umdæmisins er erfiður yfirferðar og lokast samgöngur á ákveðnum stöðum yfir vetrarmánuðina, s.s. Vestfjarðarvegur (Ísafjörður-Patreksfjörður), Djúpvegur (Hólmavík-Ísafjörður), Óshlíð (Bolungarvík-Ísafjörður) og flestar heiðar, s.s. Þorskafjarðarheiði og Tröllatunguheiði. Umdæmið er um 9% af heildarflatarmáli Íslands.

Hið nýja lið lögreglunnar fékk heitið lögreglan á Vestfjörðum og er undir stjórn lögreglustjórans á Vestfjörðum sem jafnframt er sýslumaður Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbrepps. Við þá sameiningu varð til stærra og öflugra lögreglulið en áður hefur þekkt á Vestfjörðum. Fyrir sameiningu höfðu lögregluliðin verið fjögur, undir stjórn fjögurra lögreglustjóra, og var stærð liðanna og geta mjög mismunandi. Strax eftir sameiningu var kynnt nýtt skipurit fyrir embættið sem dómsmálaráðherra samþykkti í lok árs 2006. Nýjungar skipuritsins voru þær að yfirmönnum í lögreglu var fækkað, tvær nýjar stöður urðu til, þ.e. staða aðstoðaryfirlögregluþjóns, með aðsetur á Patreksfirði og staða forvarnar- og fræðslufulltrúa með aðstöðu í Bolungarvík, þá var einnig fjölgað héraðslögreglumönnum um allt umdæmið. Á árinu var farið fram á, við dómsmálaráðherra, að embættið fengi auknar fjárveitingar til að kosta kaup á fíkniefnaleitarhundi og fjármagna stöðu lögreglumanns með þeim hundi. Embætti ríkislögreglustjóra gaf embættinu í kjölfarið fíkniefnaleitarhund, sem kemur til starfa í maí 2008, að lokinni þjálfun, en forvarnar- og fræðslufulltrúi embættisins mun verða hundabjálfi embættisins. Ekki féllst dómsmálaráðherra á að embættið fengi auknar fjárveitingar til að ráða lögreglumann með hundinum og var embættinu bent á að engin reynsla væri komin á samþættingu forvarnarstarfsins og fíkniefnaleitarhundsins og verður því að biða með að óska eftir auknum fjárveitingum, þar til sú reynsla liggur fyrir.


Nú þegar hefur ýmislegt áunnist eftir að sameiningin átti sér stað, t.a.m. voru haldnir 12 borgarafundir á helstu þéttbýliskjörnum umdæmisins, þar sem íbúum fjórðungsins gafst kostur á að láta í ljós skoðanir sínar á því hver áhersluverkefni lögreglu ættu að vera í þeirra nánasta umhverfi. Á öllum fundum kom fram að efling forvarna og meiri fræðsla fyrir börn, ungmenni og fullorðna væri nauðsynleg og var því alls staðar fagnað að búið væri að setja á fót sérstaka stöðu forvarnar- og fræðslufulltrúa. Fleiri atriði komu fram á fundunum og er það efniviður sem nýttur verður við skipulag löggæsluáætlunar fyrir komandi ár, t.a.m. meiri samvinna við sveitarfélög á sviði forvarna og aukið eftirlit á fámennari stöðum svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við kjörna fulltrúa íbúa sveitarfélaganna og íbúana sjálfa og er þegar hafin vinna til að efla þau tengsl, s.s. fyrrgreindir borgarafundir sem stefnt er að haldnir verði a.m.k. á tveggja ára fresti og samvinna lögreglu og sveitarfélaga í samstarfsnefnd (12. gr. lögreglulaga nr. 90/1996) með aðkomu fjórðungssambands Vestfirðinga, en þeirri nefnd er ætlað það hlutverk að vera samstarfsvettvangur til upplýsingamiðlunar, þ.a. óskir og þarfir hvers sveitarfélags verði ræddar og sjónarmið lögreglu og sveitarstjórna samræmd um framkvæmd mála og verkefna eftir því sem við verður komið. Meiri samvinna er nú með lögreglustjórum en var fyrir sameiningu og funda lögreglustjórar mánaðarlega, lögreglustjórar og ríkislögreglustjóri funda einnig mánaðarlega og lögreglustjórar og fulltrúar dómsmálaráðuneytisins funda þegar tilefni er til en það er nokkrum sinnum á ári. Á þessum fundum er tekið fyrir málefni er varða löggæslu og þá þjónustu við íbúa landsins sem þeir eiga rétt á, auk annarra málefna sem snúa að lögreglu. Tilgangur fundanna er m.a. að samræma vinnubrögð og aðgerðir lögreglu á landsvísu, þannig að tryggt sé að lögum sé framfylgt á sama hátt hvar sem mál koma upp.

Ríkislögreglustjórinn og sýslumaðurinn á Ísafirði, f.h. lögreglunnar á Vestfjörðum, gerðu með sér árangursstjórnunarsamning þann 7. desember 2007, til þriggja ára og er lítil reynsla kominn á ákvæði hans þegar þetta er ritað. Á grundvelli þess samnings mun embættið gera löggæsluáætlun þar sem markmiðum árangursstjórnunarsamningsins verður fylgt eftir auk annarra þátta sem embættið telur að setja þurfi í forgang sem lið í því að bæta löggæslu í umdæminu og gera hana sýnilegri, en það er gert til að tryggja enn betur að íbúar séu öruggir og finni að treysta má á góða og öfluga löggæslu í þeirra nánasta umhverfi.

Kristín Völundardóttir,
lögreglustjóri á Vestfjörðum

2. SKIPURIT

Unnið var nýtt skipurit fyrir hið væntanlega sameinaða lögreglulið og voru mjög misjafnar skoðanir lögreglumanna á því hvernig það ætti að líta út. Flestir lögreglumanna voru þó sammála um það að engar breytingar mætti gera á núverandi starfsstigum þeirra og fór svo að lögreglustjóri kynnti hugmyndir sínar að nýju skipuriti í október 2006 við misjafnar undirtektir. Það skipurit fór síðan óbreytt til ráðherra dóms- og kirkjumála sem staðfesti það í árslok 2006 og tók skipuritið gildi þann 1. janúar 2007.



Skipurit embættisins var samþykkt af dómsmálaráðherra þann 22. desember 2006. Skipuritið tók gildi þann 1. janúar 2007.

3. EMBÆTTIÐ

Það má segja að starfsemi embættisins skiptist í tvennt, löggæslubáttinn og umboðsstörf sýslumanns í héraði. Starfsmenn eru nú 33 auk héraðslögreglumanna sem eru búsettir víðsvegar um umdæmið. Tveir starfsmenn sinna umboðsstörfum fyrir Tryggingastofnun, 1 starfsmaður sinnir tollgæslu en 9 starfsmenn sinna öðrum umboðsstörfum, þar af eru tveir löglærðir fulltrúar og sinnir annar þeirra eingöngu löggæslumálum, þar með talið yfirumsjón með rannsóknum mála og saksókn.

Umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum er mjög víðfemt og oft um langan veg að fara í útköll. Þá er langt á milli starfsstöðva og yfir vetrarmánuðina eru stystu vegaleiðir á milli starfsstöðvanna ófærar, þ.a. samskipti verða fyrst og fremst í gegnum Tetra, síma og tölvur. Með batnandi vegakerfi og opnun samgönguæða, mun gjörbreyting verða á samskiptum milli starfsstöðvanna og þeirri þjónustu sem lögreglan býður upp á. Með tilkomu Bolungarvíkurganga verða lokanir á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar að mestu leiti úr sögunni og útkallstíminn styttist því samfara. Ný leið um Arnkötludal stýttir leiðina milli Hólmavíkur og suðurfjarðanna (Patreksfjörður, Tálknafjörður, Reykhólahreppur) og Ísafjarðar og Reykjavíkur og ljóst að samfara opnun Arnkötludalsvegur mun starfsumhverfi þeirra lögreglumanna sem starfa á Hólmvík og Patreksfirði breytast í þá veru að mikil aukning verður á verkefnum hjá lögreglumönnum á Hólmvík en að sama skapi minnkar álagið verulega á lögreglumennina á Patreksfirði. Gera verður ráð fyrir að tilfærsla verði á stöðugildum frá Patreksfirði til Hólmavíkur eftir opnun Arnkötludalsvegur. Mikið hefur verið rætt um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum, Komi slík stóriðja til framkvæmda á Vestfjörðum, án tillits til staðsetningar, myndi það kalla á fjölgun starfsmanna í lögreglunni.

3.1 Stefnumótun og áherslur árið 2007

Lögreglustjóri hefur, með undirritun árangursstjórnunarsamnings við ríkislögreglustjóra sem gildir frá árinu 2007 til ársins 2011, sett fram skýr markmið þar sem jafnframt er tilgreint hvernig þeim skuli náð og hvernig árangur skuli mældur. Í áætlunum embættisins er lögð sérstök áhersla á eftirtalin atriði:

3.1.1 Stjórn embættisins:

- 1.1. Að embættið verði rekið á sem hagkvæmastan hátt og innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar eru hverju sinni.
Til að ná því markmiði eru fjárheimildir kynntar starfsmönnum, bókhald embættisins er opið og forgangsverkefni ákveðin í upphafi árs með tilliti til rekstrarfjármagns og það kynnt starfsmönnum.
- 1.2. Að allar úrlausnir verði unnar af sem mestri fagmennsku.
Til að ná því markmiði er verkefnadreifing skýr og starfsfólki gert kleift að kynna sér þær nýjungar og þau vinnubrögð sem best eru til þess fallin að ná hámarksárangri.
- 1.3. Að embættið tileinki sér þau vinnubrögð og þá tækni sem best eru til þess fallin að viðhalda og auka skilvirkni við afgreiðslu mála.
Til að ná því markmiði er starfsfólki gert kleift að kynna sér þau vinnubrögð og þá tækni sem í boði er hverju sinni.
- 1.4. Að móta heildarstefnu á sviði starfsmannamála í samræmi við starfsmannastefnu ríkislögreglustjóra þar sem m.a. er kveðið á um endurmenntun og þjálfun starfsmanna og jafnréttismál.
Til að ná því markmiði er gildandi starfsmannastefna embættisins í stöðugri endurskoðun m.t.t. breyttra áherslna og krafna.
- 1.5. Að hver starfsmaður embættisins fari í starfsmannaviðtal og frammistöðumat einu sinni á ári í samræmi við verklagsreglur ríkislögreglustjóra.
Til að ná því markmiði hafa yfirmenn í lögreglu sótt námskeið í viðtalstækni, þá hefur starfsmönnum verið boðið að sitja námskeið er varða starfsmannasamtöl. Í mars til maí ár hvert er gert ráð fyrir að starfsmannasamtölum sé lokið.

- 1.6. Að tryggja að lögreglumönnum sé veittur félagastuðningur í samræmi við verklagsreglur ríkislögreglustjóra.

Til að ná því markmiði hefur lögreglumönnum þegar verið kynnt hvað felist í félagastuðningi, settar hafa verið verklagsreglur um félagastuðning sem búið er að senda öllum lögreglumönnum og reglurnar eru varðveittar á innra neti embættisins þar sem þær eru aðgengilegar.

- 1.7. Að veita þeim sem til embættisins leita góða þjónustu.

Til að ná því markmiði hafa verið sett skýr fyrirmæli í starfslýsingar lögreglumanna og þá er símsvörun tryggð við innhringdum erindum. Unnið er að því að koma á nánara samstarfi við sveitarfélög innan umdæmisins, en þau eru 10 talsins.

- 1.8. Að nýta upplýsingatækni, í samræmi við löggæsluáætlun 2007-2011, með það fyrir augum að greiða fyrir samskiptum almennings og embættisins.

Til að ná því markmiði er heimasvæði lögreglunnar í sífelldri endurvinnslu og leiðbeiningar og eyðublöð sett þangað til hægðarauka fyrir almenning og starfsmenn.

- 1.9. Að auka samstarf við aðra í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri á sviðum er lúta að hlutverki embættisins.

Til að ná því markmiði hafa samstarfssamningar verið gerðir við önnur löggæsluembætti.

3.1.2 Löggæsluverkefni og önnur verkefni:

- 2.1. Að gæta almannaöryggis sem best og halda uppi lögum og reglu.

Til að ná því markmiði er stefnt að enn sýnilegri löggæslu en nú er með því að lögreglumenn eru meira í verkefnum utan lögreglustöðvar og hafa ýmis skrifstofuverkefni verið færð á starfsmenn sýsluskrifstofu. Þá er lögð mikil áhersla á forvarnar- og fræðslustarf, bæði til starfsmanna og almennings og er eitt stöðugildi nú einvörungu tileinkað forvörnum og fræðslu. Unnið er að því að koma á nánara samstarfi við sveitarfélög innan umdæmisins, en þau eru 10 talsins. Þegar hefur verið óskað eftir því við Fjórðungssamband Vestfjarða í kjölfar breytinga á fækkun lögregluumdæma og þess að sveitarfélögum hefur einnig fækkað á undanförunum árum að sambandið komi að skipan samstarfsnefndar skv. 12. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, þ.a. samstarfsnefndin verði ein öflug nefnd sem talar máli allra sveitarfélaganna. Í erindi lögreglustjóra til fjórðungssambandsins er gert ráð fyrir að starfsvettvangur samstarfsnefndarinnar verði eftirfarandi:

- upplýsingamiðlun, óskir og þarfir ræddar og sjónarmið lögreglu og sveitarstjórna samræmd um framkvæmd mála og verkefna eftir því sem við verður komið í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig,
- tryggja gott samstarf lögreglu og undirstofnana sveitarfélaganna,
- vinna sameiginlega að fækkun afbrota og slysa, öruggara samfélagi og velferð barna og ungmenna, s.s. forvörnum í víðtækum skilningi,
- styrkja hverfis- og grenndarlöggæslu og efla samstarf lögreglu og íbúanna, stofnana/samtaka og fyrirtækja og að lokum að almenningur kynntist betur starfsemi lögreglunnar og aukið verði á tengsl lögreglu og almennings.

Viðræður við Fjórðungssambandið eru á byrjunarstigi og einvörungu eitt sveitarfélag hefur veitt sambandinu umboð til að hefja viðræður við lögreglustjóra.

- 2.2. Að stemma stigu við afbrotum í umdæminu og vinna að uppljóstran brota.

Til að ná því markmiði er lögð mikil áhersla á forvarnar- og fræðslustarf, bæði til starfsmanna og almennings og er, eins og þegar hefur komið fram, eitt stöðugildi einvörungu tileinkað forvörnum og fræðslu. Stefnt er að skýrari verkefnagreiningu rannsóknardeildar og almennrar deildar.

- 2.3. Að hafa reglulegt eftirlit með þungaflutningum og veiðimönnum í umdæminu.

Til að ná því markmiði er markvisst unnið að betra eftirliti í samvinnu við Landhelgisgæslu og Vegagerð og hefur t.a.m. þegar verið unnið verkefni (verkefnamiðuð löggæsla) til að skoða þungaflutningana og verður því haldið áfram.

- 2.4. Að gera áætlun um að fækka hegningarlagaþrotum, s.s. auðgunarþrotum og þrotum gegn lífi og líkama.

Til að ná því markmiði hefur t.a.m. verið lögð áhersla á nýja málsmeðferð, sáttameðferð, en henni er ætlað að koma í veg fyrir endurtekin brot tiltekinna brotamanna sem eru að fremja fyrsta brot. Hefur það reynst vel og verður því haldið áfram.

- 2.5. Að efla forvarnar- og eftirlitsstarf með því að styrkja forvarnadeild embættisins. Til að ná því markmiði hefur einu stöðugildi verið varið í að sinna forvörnum og fræðslu. Stefnt er að því að bæta við stöðugildi við deildina á næstunni, fáist til þess tilskilið fjármagn. Þá hefur verið ráðist í að fá fíkniefnaleitarhund, sem mun tilheyra deildinni og efla starfsemi hennar.
- 2.6. Að samþætta fræðslu og forvarnir innan umdæmisins, sérstaklega skal huga að útvivartíma barna, umferðarforvörnum og vímuefnaforvörnum. Forvarnar- og fræðslufulltrúi embættisins hefur þetta verkefni með höndum og er það útlitað í starfslýsingu hans. Hann hóf störf í byrjun árs 2007 og sinnir hann forvörnum um allt umdæmið. Sjá einnig lið 2.1. um vettvang samstarfsnefndar.
- 2.7. Að innleiða og beita verkferlum verkefnaþaðráðar löggæslu til að stemma stigu við vandamálum og afbrotum í umdæminu. Embættið hefur þegar beitt fyrrgreindum verkferlum við rannsókn brota í þungaflyingum og gaf það góða raun. Þeir verkferlar verða notaðir áfram í þeim brotaflokkum og mun er fram líða stundir, beitt í öðrum málaflokkum.
- 2.8. Að samræma vinnubrögð innan rannsóknardeildar. Nú er unnið að starfslýsingu lögreglumanna í rannsóknardeild og að því loknu verður farið yfir verkferla deildarinnar með það að markmiði að yfirfara þá, samræma og tryggja samskonar málsmeðferð. Taka verður fram að ekki hafa komið upp mál sem benda til að vinnubrögðin séu mismunandi eftir starfsmönnum.
- 2.9. Að tryggja vandaða og hraða meðferð sakamála. Til að ná því markmiði er stefnt að skýrari verkefnagreiningu rannsóknardeildar og almennrar deildar en nú þegar er unnið eftir ákvæðum reglugerðar 1130/2006 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.
- 2.10. Að efla frumkvæðisvinnu með markvissu eftirliti með sölumönnum og neytendum fíkniefna og sporna gegn innflutningi efnanna í samvinnu við tollayfirvöld og Landhelgisgæsluna. Lögreglumenn rannsóknardeildar hafa í fjölmörg ár kortlagt feril fíkniefnamála og með tilkomu fíkniefnaleitarhunds og forvarnar- og fræðslufulltrúa verður mun auðveldara að halda upp markvissu eftirliti, sjá einnig lið 2.5.
- 2.11. Að auka sýnilega löggæslu og eftirlit með markvissum og skipulegum aðgerðum m.a. til að auka öryggi og öryggistilfinningu almennings. Til að ná því markmiði hefur nú þegar orðið breyting á áherslum í löggæslu, lögreglumenn umdæmisins skipuleggja og taka þátt í átaksverkefnum, vikulegum verkefnum og sérverkefnum með öðrum löggæsluaðilum, s.s. Landhelgisgæslunni og er markvisst stefnt að því að innvera lögreglumanna sé sem minnst.

3.1.3 Verkefni sem sett voru í forgang á árinu 2007:

- Borgarafundur/íbúafundur í öllum byggðakjörnum. Í febrúar 2007 fór lögreglustjóri ásamt yfirlögrelupjóni, aðstoðaryfirlögrelupjóni, forvarnar- og fræðslufulltrúa og þeim lögreglumönnum sem voru á vakt hverju sinni í heimsókn í flesta byggðakjarna umdæmisins og var kynnt skipulag og áhersluverkefni lögreglunnar. Kallað var eftir viðbrögðum íbúanna og þeir beðnir um að upplýsa hvað þeir teldu brýnast. Strax á fyrstu fundum kom í ljós að forvarnir og fræðsla voru ofarlega á baugi hjá flestum, auk áhyggna vegna lakrar bílbeltanotkunar og annars öryggisbúnaðar. Stuttu eftir að fundarferðinni lauk voru sett á fót átaksverkefni við leikskóla, skóla og helstu umferðaræðar og hafa slík átaksverkefni verið gegnumgangandi út árið.
- Aukin áhersla á forvarnir. Forvarnar- og fræðslufulltrúi fór um allt umdæmið og var bæði með umferðarfræðslu og fíkniefnafræðslu fyrir börn og unglinga.
- Aukin áhersla á samvinnu við hagsmunaaðila vegna forvarna. Ekki tókst að koma á samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga, en þeirri nefnd er ætlað að vera grundvöllur uppbyggingarstarfs forvarna og fræðslu fyrir íbúa sveitarfélaganna, auk þess að vera samstarfsvettvangur vegna málefna sem varða bæði lögreglu og sveitarstjórnir.
- Aukin áhersla á samvinnu við sveitarfélög. Nokkur erindi fóru frá lögreglustjóra til sveitarfélaganna og eru þau öll í vinnslu enn. Það verður að segjast að þau

sveitarfélög sem ekki eru í nálægð við aðsetur lögreglustjóra eru í minni samskiptum en þau sveitarfélög sem nær eru. Gera þarf breytingar á þessu.

- Aukin áhersla á samvinnu almannavarnarnefnda innan umdæmisins. Fundað var með flestum almannavarnarnefndum umdæmisins og þeim kynnt sú stefna lögreglustjóra að á Vestfjörðum yrði ein nefnd en því fleiri vettvangsstjórnir og var bent á módelið sem er við lýði á milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps því til stuðnings. Mismunandi undirtektir voru á tillögum lögreglustjóra milli nefnda, þó enginn hafi hafnað því að samruni nefnda væri heppilegasta fyrirkomulagið og mun það verða verkefni næstu ára að ná fram sameiningu.
- Verkefnamiðuð löggæsla (VML), þungaflutningar. Embættið tók þátt í verkefnamiðaðri löggæslu og urðu þungaflutningar fyrir valinu. Vel tókst til og mun sambærilegum verkefnum haldið áfram á næstu árum.
- Vettvangsstjóranámskeið. Lögreglustjóri óskaði eftir því að almannavarnardeild ríkislögreglustjóra héldi vettvangsstjóranámskeið fyrir lögreglumenn og aðra ábyrgðaraðila sem hafa hlutverki að gegna í almannavarnarástandi. Þau námskeið voru haldin á síðari hluta árs 2007 og í árslok voru flestir lögreglumenn búnir að mennta sig í vettvangsstjórn. Á vormánuðum 2008 luku þeir lögreglumenn náminu sem áttu eftir að sitja slíkt námskeið og er nú svo komið að allir fastráðnir og menntaðir lögreglumenn við embættið hafa lokið námskeiði í vettvangsstjórnun.
- Starfslýsingar lögreglumanna. Í árslok 2007 var búið að gera starfslýsingar fyrir flesta lögreglumenn, þó á enn eftir að gera starfslýsingar fyrir lögreglumenn í rannsóknardeild og verður því lokið á árinu 2008.
- Heilsufarsstefna. Haldið var áfram með heilsufarsstefnu embættisins og hún útvíkkuð á þann veg að ráðinn var trúnaðarlæknir við embættið og tekinn upp fjárvistarskráning í stað læknisvottorða. Hefur það gefist vel. Trúnaðarlæknir býður upp á árlega heilsufars skoðun og fóru flestir lögreglumenn í slíka skoðun á árinu 2007. Þá verður trúnaðarlæknir með árlega fyrirlestra er snúa að heilsu eða efni tengdu henni.

3.2 Starfsmannahald og endurmenntun

Við embættið eru 21 stöðugildi lögreglumanna, auk þess sem gert er ráð fyrir 8-12 héraðslögreglumönnum. Yfirmannastöður skv. skipuriti eru 10, þar af er ein staða yfirlögregluþjóns og ein staða aðstoðaryfirlögregluþjóns. Við embættið er rannsóknardeild sem þjónar öllum Vestfjörðum og þar starfa tveir lögreglumenn (lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumaður), þá er forvarnar- og fræðslufulltrúi starfandi við embættið (lögreglufulltrúi). Flestir lögreglumenn við embættið hafa starfað í nokkur ár hjá því eða nágrannaembættum. Starfsmannavelta er þó nokkur, um 14% og erfiðlega hefur gengið að manna allar stöður, þ.a.l. hefur embættið, í nokkurn tíma, ráðið óskólagengið fólk til að sinna lögreglustarfinu. Markmið embættisins er að öll stöðugildi séu mönnum skólagengnum hæfum lögreglumönnum sem geta tekið á þeim fjölbreytilegu verkefnum sem embættið glímir við á mjög víðfeðmu svæði. Átaksverkefni er í gangi sem er ætlað að laða að ungt fólk til starfa í afleysingar í lögreglu, en oft er það svo að eftir að einstaklingar hafa starfað í lögreglunni, sækja þeir um inngöngu í lögregluskólann og verða fullnuma og snúa þá til baka og starfa sem menntaðir lögreglumenn.

Lögreglumenn við embættið sóttu ýmis endurmenntunarnámskeið hjá Lögregluskóla ríkisins og fóru sumir lögreglumenn í frekara nám með starfinu með leyfi lögreglustjóra. Þegar hefur verið getið um vettvangsstjóranámskeið sem sérstaklega voru haldin fyrir lögregluna á Vestfjörðum, en einnig voru haldin fleiri námskeið sem staðsett voru á Vestfjörðum, s.s. námskeið í sáttameðferð, starfsmannasamtölum ofl. Mikilvægt er að lögreglumenn hafi tækifæri til að mennta sig frekar innan lögreglu og að endurmenntun sé þeim aðgengileg. Er starfsemi Lögregluskóla ríkisins ómetanlegt í þeim efnum. Fræðslu- og starfsþróunarsjóður lögreglumanna hefur einnig gert embættum kleift að senda menn oftár á námskeið en var og er það vel og ljóst að sjóðurinn er að skila hlutverki sínu.

3.3 Tækja og búnaðarmál

Búnaðarmál embættisins eru stöðugt í endurskoðun og reglulega er farið yfir þann búnað sem er til staðar, árlega er kannað hvað skortir eða hvaða nýjungar eru í boði en miklu skiptir að búnaður sé af bestu mögulegu gerð, þar sem öryggi lögreglumannsins veitur á því að búnaðurinn virki sem skyldi. Þegar fjárhagur embættisins leyfir, er gamall búnaður endurnýjaður og nýr búnaður keyptur.

Þegar þessi skýrsla er rituð hafa verið keypt hjartastuðtæki fyrir allar varðstofur umdæmisins og búið er að afhenda öllum lögreglumönnum tetrastöð til eigin nota, en flestar stöðvanna eru gjöf frá dómsmálaráðherra. Þá er verið að skipta út kylfum og fá járnkylfur og er ætlunin að allir lögreglumenn verði komnir nýjar kylfur á árinu 2008. Ökutæki embættisins eru á heildina litið í þokkalegu ástandi en beðið hefur verið eftir nýjum ökutækjum fyrir varðstofuna á Patreksfirði og rannsóknardeild. Þau ökutæki voru afhent í apríl 2008.

3.4 Afgreiðsla embættisins, leyfisveitingar og innheimta sekta

Í ársbyrjun 2007 var ákveðið, með tilliti til þess að auka sýnileika lögreglunnar og gera lögreglumönnum kleift að starfa utan varðstofu, að öll svokölluð „pappírsverkefni“ yrðu færð á starfsfólk sýsluskrifstofunnar á Ísafirði. Þessi ákvörðun fól í sér að eftirfarandi verkefnum er nú sinnt á sýsluskrifstofunni á Ísafirði: Skotvopnaskrá og öll leyfi varðandi sprengiefni, þungaflutinga og tækifærisskemmtanir. Eftir stendur að varðstjórar lögreglu senda út sektarboð, fulltrúi lögreglustjóra sinnir sektargerðum, yfirlögreluþjónn gefur út leyfi fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða og á Patreksfirði og Hólmavík eru gefin út leyfi úr skotvopnaskránni. Færsla launa er í höndum yfirlögreluþjóns og starfsmanns á sýsluskrifstofu.

Tafla 3.4.1 Fjöldi sektarboða og sektargerða árin 2003-2007¹

	2003	2004	2005	2006	2007
Sektarboð	683	377	260	329	603
Sektargerðir			28	46	54

¹ Öll tölfræði í þeim töflum ársskýrslunnar sem hér á eftir koma, varða embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum vegna ársins 2007 en eldri tölfræði varðar eingöngu embætti lögreglustjórans á Ísafirði. Það athugist að þeir liðir sem eru auðir stafa af því að ekki hefur verið tekin tölfræði vegna þeirra átilgreindum árum.

4. ALMENN DEILD

Grundvöllur löggæslu á Íslandi eru þær almennu deildir sem starfræktar eru um land allt. Því er mikilvægt að deildirnar séu skipaðar hæfum og metnaðarfullum einstaklingum, sem eru tilbúnir til að þjóna borgaranum, aðstoða hann þegar það á við og rannsaka brot þegar þau eiga sér stað. Á þetta jafnt við um almenna deild lögreglunnar á Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu.

Í almennri deild lögreglustjórans á Vestfjörðum starfa 17 lögreglumenn sem hafa starfsstöðvar á fjórum varðstofum. Verkefni almennu deildar eru margvísleg, allt frá aðstoð við borgarana til rannsóknar brota. Almenn deild ber þungann af eftirliti og frumkvæðisvinnu í fjórðungnum og hér að neðan má sjá í liðum 4.2 og 4.3 hvernig því hefur verið háttað á árinu.

Stefna lögreglustjóra er að fullmanna allar stöður menntuðum og hæfum lögreglumönnum, en það hefur þó ekki tekist enn sem komið er. Því hafa verið ráðnir hæfir og metnaðarfullir einstaklingar til afleysinga í deildinni og hafa þeir staðið sig með þryði, þrátt fyrir skort á lögreglumenntun. Það er von lögreglustjóra að það afleysingafólk sem nú er starfandi hjá embættinu, afli sér frekari menntunar á sviði löggæslu og geti þannig tekið fastar stöður innan liðsins þegar fram líða stundir.

4.1 Almannaþingarnir

Lögreglustjóri fer með stjórn almannaþinganna á grundvelli 7. gr. laga nr. 94/1962 um almannaþingarnefndir, jafnframt því sem lögreglustjóri á sæti í almannaþingarnefnd á grundvelli 8. gr. sömu laga. Gert er ráð fyrir því í lögum um almannaþingarnir að almannaþingarnefndir geti sameinast, samþykki dómsmálaráðherra þá ráðstöfun.

Um aldamótin voru almannaþingarnefndir á Vestfjörðum 6, en á árinu 2006 samþykkti dómsmálaráðherra sameiningu almannaþingarnefnda Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps og tók sú sameining gildi í byrjun árs 2007. Í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum eru í dag 5 almannaþingarnefndir að störfum. Nú þegar hefur hafist sú vinna að sameina fleiri nefndir í fjórðungnum og hefur Bolungarvíkurkaupstaður tekið af skarið í þeim efnum og lýst yfir vilja til sameiningar við almannaþingarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Vonir standa til að því sameiningarferli verði lokið fyrir árslok 2008. Gangi það eftir, yrðu enn 4 nefndir í fjórðungnum, þ.e. almannaþingarnefnd Reykhólahrepps, Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, Strandabyggðar og sameinuð nefnd Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Það er mat lögreglustjóra að farsælast sé að hafa eina öflugra nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna, en að sama skapi séu aðgerðarstjórnir í öllum þéttbýliskjörnum. Vonir standa til að á næstu árum takist að sameina nefndirnar og koma á fót öflugum aðgerðarstjórnunum sem væru reiðubúnar að takast á við þau verkefni sem gert er ráð fyrir að almannaþingarnir í héraði sinni. Allir fastráðnir lögreglumenn í liði lögreglustjóra hafa setið námskeið í vettvangsstjórn og þá hafa einnig valdir einstaklingar af hálfu sveitarfélaganna setið slík námskeið.

4.2 Umferðarmál

Fjölgun brota í flokknum umferðarmál var umtalsverð á milli árána 2006 og 2007. Eðlileg skýring er fyrir því, þ.e. sameining lögregluembættanna á Vestfjörðum. Á árinu 2006 voru 390 mál skráð sem umferðarlagabrot en á árinu 2007 fjölgaði brotunum í 788. Munaði þar mest um fjölgun brotanna „of hraður akstur“ en þeim fjölgaði úr 194 broti í 441 brot. Samaburður í töflu gefur glögg yfirlit yfir þá fjölgun sem varð á umferðarlagabrotum í umdæminu. Þá ber einnig að líta til þess að þjóðvegir í umdæminu eru nærri 900 kílómetrar að lengd eða sem svarar til um 60% af hringveginum.

4.3 Eftirlit í umdæminu, sýnileg löggæsla og frumkvæðisvinna

Eftirlit er það verkefni lögreglu sem er hvað öflugast í umdæminu. Við sameiningu embættanna á Vestfjörðum var lögð mikil áhersla á að auka til muna sýnilega löggæslu og því fylgt eftir með vikuáætlunum sem yfirlögregluþjónn setti fram. Í þessum vikuáætlunum voru gefin fyrirætlunir vegna áhersluverkefna, eins og eftirliti við grunnskóla, leikskóla og á stöðum þar sem fólk kom saman. Bókaðar voru 2366 eftirlitsferðir á árinu, eða að meðaltali 6,5

eftirlitsferðir á hverjum degi. Þá var umferðareftirliti sinnt af miklum krafti. Umferðarpóstar voru settir upp og könnun gerð á umferðarhraða á mörgum stöðum í umdæminu. Umferðarhraðinn mældist mestur á Þjóðvegnum, en í þéttbýli var að sjá sem hraðinn stæði í stað.

4.4 Samstarf

Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við kjörna fulltrúa íbúa sveitarfélaganna og íbúana sjálfa og er þegar hafin vinna til að efla þau tengsl eins og þegar hefur komið fram. Meiri samvinna er nú með lögreglustjórum en var fyrir sameiningu og funda lögreglustjórar mánaðarlega, lögreglustjórar og ríkislögreglustjóri funda einnig mánaðarlega og lögreglustjórar og fulltrúar dómsmálaráðuneytisins funda þegar tilefni er til en það er nokkrum sinnum á ári.

Ríkislögreglustjórinn og sýslumaðurinn á Ísafirði f.h. lögreglunnar á Vestfjörðum gerðu með sér árangursstjórnunarsamning þann 7. desember 2007. Mjög gott samstarf er milli þessara tveggja embætta og er skemmt frá því að segja að þegar embættið hefur þurft á aðstoð að halda, t.a.m. sérsveitar eða fíkniefnaleitarhunds, hefur sú aðstoð verið veitt. Þá hefur embætti ríkislögreglustjóra fært embættinu fíkniefnaleitarhund að gjöf sem kemur til starfa á sumarmánuðum 2008. Ef ekki hefði komið til þeirrar rausnarlegu gjafar, væri embættið án fíkniefnaleitarhunds. Samstarf við önnur lögregluembætti er ekki daglega og ræðst það af landfræðilegri legu Vestfjarða. Þau embætti sem næst okkur eru, hafa undirritað samstarfssamning um gagnkvæma aðstoð, en þessi embætti eru lögreglan í Borgarnesi og á Blönduósi. Síðast en ekki síst ber að geta þess að mjög gott samstarf er með embættinu og dómsmálaráðherra og starfsfólki hans og hefur ráðherra, bæði látið embættið hafa aukin verkefni sem fela í sér fleiri starfsmenn og afhent lögreglunni góðar gjafir í gegnum árin, nú síðast 13 Tetrastöðvar, sem er ómetanlegt framtak af hálfu ráðherrans.

4.5 Fangageymslur

Við sameiningu lögregluembættanna á Vestfjörðum fylgdi henni einnig húsnæði og fangageymslur viðkomandi lögregluliða. Í árslok 2007 voru fangageymslur á öllum varðstofum. Á Ísafirði 6 fangaklefar, á Hólmavík 2 fangaklefar, á Patreksfirði 4 fangaklefar og í Bolungarvík 3 fangaklefar. Allir klefarnir eru nothæfir nema þeir sem eru í Bolungarvík, þeir eru mjög illa farnir og því kemur ekki til að þar verði handteknir einstaklingar vistaðir, enda stutt að fara í næstu fangaklefa.

Athyglisvert er við skoðun neðangreindrar töflu að fækkun er í vistun einstaklinga í fangaklefum á milli ára, jafnvel þó borin séu saman árin fyrir sameiningu og eftir hana. Engar einhlýtar skýringar eru á þessu, þó má sjá fækkun vistana á grundvelli ölvunar og óspekta á almannafæri og óhlýðni við lögreglu og er það vel.

Tafla 4.5.1 Fjöldi handtaka og vistana árin 2003-2007

	2003	2004	2005	2006	2007
Handtökur					
Fjöldi handtaka	83	80	92	82	67
Fjöldi einstaklinga	66	74	86	70	60
Vistanir					
Fjöldi vistana	64	51	55	47	31
Fjöldi einstaklinga	63	49	50	37	28

5. RANNSÓKN BROTA

Við sameiningu lögregluliðanna á Vestfjörðum urðu töluverðar breytingar á starfsskyldum rannsóknardeildar. Fyrir sameiningu var starfssvæði deildarinnar aðeins Ísafjarðarbær og Súðavíkurreppur, þó nágrannaembættin hafi verið aðstoðuð í einstaka málum, en eftir sameiningu varð starfssvæðið allur Vestfjarðakjálkinn. Ekki varð fjölgun á starfsmönnum í deildinni þrátt fyrir stækkun starfssvæðisins, en í deildinni starfa tveir lögreglumenn, lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumaður. Vegna þessa hefur reynt nokkuð á samstarf og samvinnu deildarinnar við lögreglumenn á starfsstöðvunum á Patreksfirði og á Hól mavík. Það samstarf hefur gengið vel en engu að síður er nauðsynlegt að samræma og styrkja verkferla í rannsóknum mála.

Hér á eftir verður gerð í stuttu máli grein fyrir nokkrum brotaflokkum er komu til meðferðar hjá lögreglunni á Vestfjörðum á árinu 2007 og rannsóknardeildinni.

Hegningarlagabrot voru 150 talsins og komu rúmlega 53% þeirra til meðferðar hjá rannsóknardeild. 38% af sérrefsilagabrotum komu til meðferðar hjá deildinni og sömuleiðis 1,5% af umferðarlagabrotum. Rétt er að minna á að tölfræði vegna ársins 2007 varða hið nýja sameinaða embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum, en tölfræði vegna fyrri ára varða aðeins umdæmi lögreglustjórans á Ísafirði.

5.1 Auðgunarbrot

Auðgunarbrotum fækkaði um 19% frá fyrra ári, úr 22 í 27. Flest voru þau árið 2003, eða 63 talsins.

Við sameiningu lögregluliðanna bárust tvö fjármunabrotamál frá lögreglunni á Patreksfirði sem tekin voru til meðferðar í rannsóknardeild.

5.2 Fíkniefnabrot

Fíkniefnabrot hafa ekki verið færri undanfarin 5 ár. Þrátt fyrir að tiltölulega lítið magn fíkniefna hafi verið haldlagt árið 2007 voru haldlagningar fleiri en undanfarin ár. Alls var lagt hald á 21,16 gr. af fíkniefnum og 38 stk. efna. Sjaldgæft er að lagt sé hald á E-töflur en á árinu voru 7 slíkar töflur haldlagðar.

Eins og undanfarin ár var eftirlit með flutningi fíkniefna til Vestfjarða aukið fyrir jól, áramót, páska, verslunarmannahelgi og aðra skipulagða viðburði, s.s.í tengslum við "Aldrei fór ég suður" og sjómannadaginn á Patreksfirði.

Við fíkniefnaeftirlit í umdæminu var haft samstarf við önnur önnur embætti, þar með talið embætti ríkislögreglustjóra.

5.3 Ofbeldisbrot

Ofbeldisbrot, önnur en kynferðisbrot, voru 19 talsins árið 2007 og hafa ekki verið færri undanfarin 5 ár. Þeim fækkaði um 21% frá fyrra ári. Af þeim 19 brotum sem hér um ræðir var 1 brotanna dæmt sem tilraun til manndráps (211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga) en 3 brotanna dæmd meiri háttar líkamsárás (218 gr. alm. hegningarlaga). Flest ofbeldisbrotanna komu til meðferðar rannsóknardeildar.

Þess má geta að við rannsókn þess máls sem dæmt var sem tilraun til manndráps var notið aðstoðar starfsmanna embættis RLS. Málsmeðferðarhraði þessa máls var til fyrirmyndar eða 24 dagar frá upphafi rannsóknar til útgáfu ákæru.

5.4 Fjármunabrot

Sjá kaflann um auðgunarbrot, 5.1

5.5 Sérrefsilagabrot, slysa –og brunarannsóknir

Ýmis sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir komu til meðferðar rannsóknardeildar, en slíkt mál kalla á umfangsmiklar rannsóknir sem geta verið mjög tímafrekar.

Mannskaði varð þegar litlum fiskibáti hvolfði í mynni Ísafjarðardjúps og fórust með honum tveir menn. Þá urðu tvö banaslys í umferðinni í umdæmi lögreglustjóra og stórbruni varð á Bíldudal í byrjun ársins. Einnig var til rannsóknar bruni á Patreksfirði um sumarið. Þessar brunarannsóknir leiddu í ljós að um íkveikju var að ræða í báðum tilvikum þó ekki hafi verið grundvöllur til ákæru. Alvarlegt slys varð í Barðastrandasýslu þegar tvær manneskjur voru hætt komnar vegna kolmónoxíðeitrunar í tjaldvagni.

5.6 Aðrar rannsóknir

Eins og fram kemur í töflu 7.5 hér að neðan voru kynferðisbrot 10 talsins árið 2007. Tvö brotanna vörðuðu vörslu á ólöglegu myndefni og tengdust börnum.

Svo virðist sem aukning sé á kærur frá einstaklingum sem urðu fyrir kynferðisbrotum á unga aldri, en opnað var fyrir þessar kærur með lagabreytingu sem átti sér stað í mars 2007. Yfirleitt eru rannsóknir á kynferðisbrotum tímafrekar og á það sérstaklega við mál þegar langur tími er liðinn frá því að brot átti sér stað og þar til kæra er lögð fram.

Alls komu 4 mál til meðferðar rannsóknardeildar lögreglunnar á Vestfjörðum er varða ofbeldi gagnvart lögreglumönnum / brot gegn valdsstjórninni.

5.7 Sáttamiðlun

Í októbermánuði var tilraunaverkefnið "Sáttamiðlun" innleitt hjá lögreglustjóranum á Vestfjörðum. Dómsmálaráðuneytið sá um fræðslu og kynningar á verkefninu fyrir alla lögreglumenn liðsins. Þá ákvað lögreglustjóri að 5 lögreglumenn yrðu sérhæfðir í sáttamiðlun og fengu þeir sérstaka þjálfun. Verkefnið hefur tekist vel, sbr. umsögn nefndar dómsmálaráðuneytisins um Sáttamiðlun:

"Verkefnið var innleitt hjá lögreglustjóranum á Vestfjörðum í október og á sjö vikna tímabili lauk fjórum málum þar með sáttamiðlun. Þá hefur embættið þegar vísað fleiri málum til sáttameðferðar.

Að mati eftirlitsnefndarinnar er áhugavert og hvetjandi að fylgjast með framgangi innleiðingar úrræðissins þar enda bendi fyrstu niðurstöður til þess að árangurinn sé frábær. Þar hafa verið tekin fyrir vandasöm mál þar sem lögfræðikostnaður og bótakröfur hafa jafnframt komið til umfjöllunar og sáttagerðar."²

² Skýrsla eftirlitsnefndar dómsmálaráðuneytisins vegna sáttamiðlunar, útg. í desember árið 2007.

6. SAKSÓKN MÁLA

Sýslumaðurinn á Ísafirði fer með ákærvald lögreglustjórans á Vestfjörðum samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 í þeim málum sem honum eru falin samkvæmt 1. mgr. 28. gr. sömu laga.

6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála

Ákærur eru gefnar út í nafni lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 66/2006 um stjórnarsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra og annast lögreglustjóri og löglærður fulltrúi hans flutning mála fyrir héraðsdómi.

Við meðferð sakamála fer lögreglustjóri eftir gildandi fyrirmælum ríkissaksóknara.

Málsmeðferðarhraði er almennt góður en ekki hefur tekist í öllum tilvikum að halda málsmeðferðartíma innan ramma fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 5/2001. Ýmsar skýringar má finna á því svo sem þann tíma sem tekur að fá útgefið vottorð frá lækni og þann tíma sem brotapolá tekur að leggja fram skaðabótakröfu í máli. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum hefur það að markmiði að auka skilvirkni í rannsóknum líkamsárásarmála.

Með tilkomu tilraunaverkefnis dómsmálaráðherra um sáttamiðlun í sakamálum hefur lögreglustjóri vísað nokkrum málum til sáttamiðlunar, þ.m.t. líkamsárásarmálum. Ljóst er að sé málum vísað til sáttamiðlunar þá lengist málsmeðferðartími mála takist ekki að ljúka málum með sátt og gefa þarf út ákærur.

Á árinu 2007 lauk þremur líkamsárásarmálum í sáttamiðlun.

Mynd 6.1.1 Fjöldi ákæra árin 2003-2007

	2003	2004	2005	2006	2007
Ákærur	115	124	44	35	56
Rannsóknarkröfur	33	16	10	22	20

Tafla 6.1.2 Fjöldi fyrirkalla og fullnustuverkefna árin 2003-2007

	2004	2005	2006	2007
Fyrirköll og ákæru	210	15	39	74
Dómsbirtingar			14	40
Birtingarvottorð vegna sektarboða			12	28
Kvaðningar fyrir lögfræðid., ríkissaksóknara o.fl.				
Sýslumaður, kvaðningar				
Sýslumaður, handtökubeiðni				
Fangelsismálastofnun, handtökubeiðni og birtingar				
Áfrýunarstefnur til birtingar				
Sektargerðir samþykktar á árinu		23	34	50
Fjárnámsbeiðni og fjárnám				
Nauðungarsölubeiðni				
Birtar greiðsluáskoranir og afplánunarbref				8
Skýrslutaka				
Ýmsar beiðni			5	7
Alls mál og afgreiðslur	210	38	104	207
Dómsárituð sektarboð, birtingar			24	7
Samtals	210	38	128	214

7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2003-2007


7.1 Umferðarlagabrot

Á árinu var eftirlit með öikumönnum aukið, sérstaklega hvað varðar meintan akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja (45a gr. umferðarlaga). Sérstakt átak hófst í desembermánuði og strax í framhaldi þess voru þrír öikumenn stöðvaðir, grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja. Þess má einnig geta að á fyrsta fjórðungi ársins 2008 voru alls 9 öikumenn kærðir fyrir brot gegn fyrrgreindu ákvæði 45a gr. umferðarlaga.

Tafla 7.1.1 Fjöldi umferðarlagabrota árin 2003-2007

	2003	2004	2005	2006	2007	% breyting frá 2006
Umferðarlagabrot alls	1022	723	431	390	788	102
Akstur gegn rauðu ljósi	-	-	-	-	-	-
Bílbelti ekki notað af öikumanni	45	45	27	21	44	109,5
Of hraður akstur. Hraðamæling	272	173	184	194	441	127
Ölvun við akstur	20	25	24	23	34	48
Önnur umferðarlagabrot	685	480	196	152	269	77

Tafla 7.1.2 Tegund umferðarlagabrota árið 2007



7.2 Fjöldi umferðarslysa

Eins og fram hefur komið, undir liðnum 5.5 og í töflunni hér að neðan urðu 2 banaslys í umferðinni í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Tafla 7.2.1 Fjöldi umferðarslysa árin 2003-2007³

	2003	2004	2005	2006	2007	% breyting frá 2006
Samtals	12	9	6	15	38	153
Banaslys	0	0	0	1	2	100
Slys með alvarlegum meiðslum	6	0	2	2	8	300
Slys með minniháttar meiðslum	6	9	4	12	27	125

7.3 Fíkniefnabrot


Sjá kafla 5.2

Tafla 7.3.1 Fjöldi fíkniefnabrota árin 2003-2007

	2003	2004	2005	2006	2007	% breyting frá 2006
Fíkniefnabrot alls	33	30	32	29	22	-24
Varsla, neysla	20	17	19	20	16	-20
Sala, dreifing	10	6	10	6	2	-67
Innflutningur	0	0	0	0	2	200
Framleiðsla	0	2	1	2	0	-100
Ýmis fíkniefnabrot	3	5	2	1	2	100

³ Alvarleg umferðarslys hafa ekki verið tíð undanfarin ár og því þarf ekki nema eitt slys til að tölfræðin sýni ótrúlegar hækkningar. Ber að hafa það í huga við lestur taflna 7.2.1. og 7.3.1.

Tafla 7.3.2 Skipting fíkniefnabrota árið 2007




7.4 Haldlögð fíkniefni

Sjá kafla 5.2

Tafla 7.4.1 Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á í umdæminu 2003-2007

Tegund	Nánar	2005			2006			2007		
		Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	3	26,97		11	315,28		3	12,91	
Kannabis	Maríhúana	1	4,94		1	1,00		4	3,52	
Kannabis	Blandað	3	0,93		3	1,45		8	4,70	
Kannabis	Plöntur	1	1,98		2		9			
Ofskynjun	Sveppir	1	0,70		1	3,69				
Örvandi	E-pillur							1		7
Örvandi	Kókaín	1	11,89							
Örvandi	Amfetamín				4	29,21		2	0,03	31
Ripp fuel/	Efedrín töflur									
Óþekkt	Óskilgreint	1	0,85	3	4	27,68	37			
Samtals		11	47,56	3	26	378,31	46	18	21,16	38

Tafla 7.4.2 Haldlögð fíkniefni árið 2007




Tafla 7.4.3 Fjöldi einstakra brota árin 2003-2007

	2003	2004	2005	2006	2007	% breyting frá 2006
Kynferðisbrot alls	3	9	11	4	10	150
Par af:						
Nauðgun (194)	0	2	3	1	1	0
Misneyting (196, 197, 198.1)	0	2	4	0	2	200
Sifjaspell (200.1, 200.2, 200.3)	0	1	0	0	1	100
Kynferðisbrot gagnvart börnum (201.1, 201.2, 202.1, 202.2, 202.3)	3	0	3	1	0	-100
Prentun, útbreiðsla eða varsla kláms (210.1, 210.2, 210.3, 210.4)	0	1	0	1	4	75
Ofbeldisbrot alls	27	26	49	23	19	-17,5
Par af:						
Manndráp (211)	0	0	0	0	0	0
Manndráp, tilraun (211, sbr. 20 gr.)	0	0	0	0	1	100
Líkamsárás (217)	27	24	29	20	14	-30
Líkamsárás, líkamsm. minni (218.1)	0	2	14	2	1	-50
Líkamsárás, líkamsm. meiri (218.2)	0	0	4	1	2	100

Auðgunarbrot alls	63	60	59	22	27	23
Þar af:						
Þjófnaður Innbrot	5	5	14	4	8	100
Þjófnaður annað (244)	41	25	33	13	19	46
Rán (252)	0	0	0	0	0	0
Eignaspjöll (257.1, 257.2)	45	44	36	39	52	33,5

Tafla 7.4.4 Helstu brot í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum árið 2007



8. FORVARNIR OG FRÆÐSLA

Í ársbyrjun 2007 tók forvarnar- og fræðslufulltrúi til starfa við embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum. Fyrir sameiningu lögregluliðanna lá fyrir að forvarnarmálefnum hafði verið sinnt með mismunandi hætti og að áherslur á mikilvægi málaflokksins höfðu verið mismunandi eftir embættum. Því var ákveðið að mörkuð yrði heildarstefna fyrir hið sameinaða embætti, á þann veg að fræðslunni yrði framvegis sinnt á grundvelli sama námsefnis en þörf réði því hvaða kennsluefni væri í boði á hverjum stað. Til þess að fá heildarsýn yfir þörfina og hverjar áherslurnar ættu að vera, tók forvarnar- og fræðslufulltrúi virkan þátt í þeim borgarafundum sem getið er um hér að framan. Á fundunum kom fram mikill áhugi íbúa á málaflokknum og lögðu þeir til margar góðar og þarfar ábendingar um það hvað ætti að leggja áherslur á og hvað ekki í þeirra heimabyggð. Forvarnar- og fræðslufulltrúi útbjó síðan það námsefni sem nú er stuðst við, eftir að íbúafundunum var lokið og fóru fram kynningar og fræðsla um allan fjórðunginn á árinu. Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir hvernig fræðslunni var háttað.

8.1 Umferðarfræðsla

Forvarnarfulltrúi sá um að heimsækja alla skóla og leikskóla í umdæminu með fræðsluefni sem hafði sérstaklega verið útbúið fyrir Vestfirði. Allir leikskólar voru heimsóttir og var Lúlli löggubangsi að sjálfsgöðu með í för. Hann aðstoðaði lögregluna ötullega við að kynna umferðarfræsluna yngstu börnunum og gafst það vel, eins og áður.

Á vormánuðum var umferðarskólinn „Ungir vegfarendur“ haldinn fyrir elstu nemendur leikskóla á norðanverðum Vestfjörðum og verður það námsefni útfært til allra þéttbýliskjarna í umdæminu á næstu árum. Þá var haldinn umferðarfræðsla fyrir 1-5 bekk grunnskólanna og fræðsluerindi um lög, reglur og sakavottorð fyrir 7. bekk grunnskólanna. Að lokum voru haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur í ökuskólanum á Ísafirði.

8.2 Fíkniefnaforvarnir

Fíkniefnaforvarnir voru kynntar í öllu umdæminu.

Á norðanverðum Vestfjörðum var lögreglan með fræðsluefni í tengslum við fíkniefnafræðsluna „Hættu áður en þú byrjar“ í 7. til 10. bekk grunnskólanna. Í framhaldi af því voru einnig haldnir foreldrafundir á kvöldin með foreldrum þeirra sömu barna. Á öðrum stöðum í umdæminu sá forvarnar- og fræðslufulltrúi ásamt staðarlögreglu um fíkniefnafræðsluna fyrir nemendur 7. til 10. bekkjar.

8.3 Verkefnamiðuð löggæsla

Forvarnar- og fræðslufulltrúa var falið að vera verkefnastjóri í tilraunaverkefni sem kallast „verkefnamiðuð löggæsla“ og varð fyrir valinu að fylgjast með þungaflutningum. Verkefnavinnan fólst í því að skipuleggja markvisst eftirlit með þungaflutningum og komu allir hagsmunaaðilar að því. Verkefnið gekk vonum framár og varð niðurstaðan sú að fylgja þyrfti þessu eftir og einnig að færa samskonar verkefni yfir í aðra málaflokka löggæslunnar.

8.4 Þjálfun og námskeið

Forvarnar- og fræðslufulltrúa var falið að hafa umsjón með þjálfunarmálum starfsmanna og umsýslu þeirra námskeiða sem haldin voru í héraði. Lögregluæfingar voru haldnar á tveggja vikna fresti um haustið og fram til áramóta. Vettvangsstjóranámskeið var haldið í Barðastrandasýslu og var það tvískipt, haldið á Tálknafirði og Bjarkalundi, í nágrenni við Reykhóla.

8.5 Ýmis verkefni

Þessu til viðbótar voru haldnir ýmsir fyrirlestrar og tekið þátt í fundum á vegum fagtengdra aðila. Úrvinnsla tölfræðiupplýsinga fyrir embættið var viðvarandi verkefni á árinu og gerð eftirlitsáætlana vegna umferðareftirlits og bæjarhátíða.

9. REKSTUR

Á árinu 2007 gekk embættið í gegnum ýmsar breytingar er vörðuðu fjárhaginn vegna sameiningar lögregluliðanna. Í upphafi árs lá fyrir að halli hefði verið á rekstri embættisins vegna ársins 2006 (sjá ársskýrslu sýslumanns vegna 2006). Taka þurfti á þeim halla og koma embættinu innan rekstrarheimilda. Þá lá fyrir að endurnýja þyrfti svo til allan búnað á varðstofunni á Patreksfirði, nýtt stöðugildi var samþykkt, aðstoðaryfirlögregluþjónn með tilheyrandi launakostnaði og þar ofan á bættist launauppgjör um áramótin 2006/2007 vegna þeirra lögreglumanna sem voru að ganga inn í liðið frá öðrum embættum, en ekki hafði verið gert ráð fyrir að sá kostnaður lenti á embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum, heldur þeim lögregluembættum sem voru að ljúka starfsemi sinni.

Mikið var um veikindi innan lögregluliðsins á árinu og kostnaður vegna þeirra veikinda var hátt á fimmtu milljón, en einvörðungu hluti þess fékkst bættur eða um 1,8 M. Þá fékkst styrkur upp á 1.8 M frá dómsmálaráðuneytinu vegna búnaðarkaupa og var það vel, þó svo hluti þess kostnaðar hafi verið borinn af embættinu.

Fyllsta aðhalds var gætt í rekstrinum og tóku starfsmenn dyggilegan þátt í því og eiga þeir þakkir skyldar fyrir skilning og velvilja til að standa aukavaktir, bæði vegna skorts á mannafla og sökum fyrrgreindra veikinda og því að minna varð um endurmenntunarnámskeið þeirra heldur en undanfarin ár.

Um mitt ár 2007 var tekin sú ákvörðun að fresta ráðningu aðstoðaryfirlögregluþjóns fram yfir áramót vegna fjárhagsstöðu embættisins. Aðstoðaryfirlögregluþjónn hafði verið settur til eins árs en óskaði lausnar í ágúst 2007 og var þá fyrrgreind ákvörðun tekin. Það aðhald í rekstrinum er meginforsenda þess að embættið kom ekki út í halla á árinu 2007 en þann rekstrarafgang sem hér má sjá í neðangreindri töflu má fyrst og fremst rekja til þess að svo til engar fataúthlutanir áttu sér stað á árinu 2007 og vegna vanefnda birgja færðust flestar úthlutanir til ársins 2008.

Tafla 9.1. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum (þús.kr. á verðlagi hvors árs) 2006 og 2007

		2006	2007	Breyt ing	%
Tekjur					
	Sértekjur	-919.990	-995.927		
	Áfengisgjald	0	0		
Gjöld					
Laun					
	Dagvinna	38.138.040	70.382.574		
	Vaktaálag	13.300.917	30.034.081		
	Aukagreiðslur	0	-323.016		
	Yfirvinna	17.038.011	32.803.749		
	Launatengd gjöld	14.344.094	27.415.666		
Annar rekstrarkostnaður					
	Ferðir og fundir	1.697.960	1.174.578		
	Rekstrarvörur	2.900.631	5.283.259		
	Aðkeypt þjónusta	3.161.960	7.189.250		
	Húsnæði	5.272.734	11.140.235		
	Bifreiðar og vélar	6.464.245	18.499.777		
	Afskrift krafna o.fl.	0	0		
	Eignakaup	423.316	2.481.031		
	Rekstrarkostnaður	102.758.758	206.081.184		
	Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(101.838.768)	205.085.257		
	Ríkisframlag	99.640.000	208.770.931		
	Gjöld umfram tekjur	(2.198.768)	3.685.674		
	EIGIÐ FÉ				